



Lykilupplýsingar fyrir Ævileið II

Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um þessa fjárfestingarafurð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingagjöfin er lög- bundin og gerð í þeim tilgangi að hjálpa þér að skilja eðli, áhættu, kostnað, hugsanlegan ávinning og tap af afurðinni og hjálpa þér að bera hana saman við aðrar afurðir.

Ævileið II

Ævileið II (kt. 6106179800, LEI: 5493008CSTYOIJJ8BQ91) er fjárfestingarleið starfrækt af Lífeyrissjóði verzlunarmanna (kt. 4302694459) (hér eftir nefndur „LV“), heimilisfang Kringlan 7, 103 Reykjavík, Ísland.

Nánari upplýsingar um afurðina er að finna á vef LV [www.live.is](#). Einnig er hægt að óska eftir upplýsingum í síma 580 4000 eða með því að senda tölvupóst á [live@live.is](#). LV er eftirlitsskyldur aðili og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlits Seðla- banka Íslands. Lykilupplýsingar þessar eru réttar m.v. 31. janúar 2024.

Hvers konar afurð er þetta?

Tegund

Afurðin er fjárfestingarleið fyrir séreignarsparnað í sam- ræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrissjóða- enda og starfsemi lífeyrissjóða.

Ævileið II er uppsöfnunarsjóður sem felur í sér að arði og öðrum hagnaði af eignum sjóðsins er endurfjárfest. Engin lokadagsetning er á líftíma fjárfestingarleiðar.

Markmið

Ævileið II ávaxtar fjármuni sjóðfélaga með blönduðu safni verðbréfa. Ævileið II horfir einkum til miðlungs langs tíma við ávöxtun fjármuna að teknu tilliti til áhættu. Markmið

fjárfestingarleiðarinnar er að skila stöðugri ávöxtun með takmarkaðri áhættu, en vægi hlutabréfa er að öllu jöfnu lægra en í Ævileið I. Ævileið II hefur heimild til að fjár- festa m.a. í hlutabréfum og skuldabréfum, bæði skráðum og óskráðum, hlutdeildarskírteinum sjóða, innlánnum og öðrum fjármálagerningum. Nánari útlistun á gildandi fjár- festingarfestu er að finna á [vef sjóðsins](#).

Fjárfestingarleiðin hentar þeim sem stefna á að ávaxta séreignarsparnað sinn að lágmarki yfir 5 ára tímabil.

Hver er áhættan og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?

Áhættuvísir



Minni áhætta Meiri áhætta



Áhættuvísirinn er reiknaður samkvæmt leiðbeiningum frá Evrópska verðbréfa og markaðseftirlitinu (e. ESMA) og byggir á staðalfráviki í daglegum sveiflum á ávöxtun fjárfestingarleiðar síðustu 4 ára.

Áhættuvísir veitir leiðbeiningu um hverskonar áhætta felist í að fjárfesta í Ævileið II miðað við aðrar fjárfestingar- afurðir. Ævileið II fellur í áhættuflokk 3 en gengi undirliggj- andi verðbréfa er háð markaðsaðstæðum og geta tekið breytingum á skömmum tíma. Áhætta fjárfestingarleiðar- innar veltur bæði á ávöxtun undirliggjandi eigna sem og gjaldmiðlaáhættu vegna fjárfestingar í erlendum eignum.

Áhættuflokkunin byggir á sögulegum gögnum og þarf ekki að endurspeglar framtíðaráhættusnið. Ekki er hægt að ábyrgjast að gildandi flokkun haldist óbreytt og kann flokk- unin að breytast með tímanum. Endurgreiðsla höfuðstóls er ekki tryggð og fjárfestir getur tapað allri fjárfestingu í fjárfestingarleiðinni. Fjárfestir ber ekki ábyrgð á neinum viðbótarskuldbindingum vegna fjárfestingar í fjárfestingar- leiðinni. Áhætta getur verið meiri en í flokki 3 þegar afurð er ekki haldið á því fjárfestingartímabili sem mælt er með.

Ráðlegging: Fjárfestingarleiðin hentar þeim sem stefna á að ávaxta séreignarsparnað sinn að lágmarki yfir 5 ára tímabil.



Árangurssviðsmynd Ævileið II

Árleg fjárfesting 100.000 kr		Áætlaður eignarhaldstími		
		1 ár	3 ár	5 ár
Álagssviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	43.986	250.843	405.888
	Meðalávöxtun á hverju ári	-56,01%	-8,68%	-6,87%
Óhagstæð sviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	97.012	305.288	532.581
	Meðalávöxtun á hverju ári	-2,99%	0,88%	2,11%
Hófleg sviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	106.606	340.915	606.642
	Meðalávöxtun á hverju ári	6,61%	6,53%	6,52%
Hagstæð sviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	116.739	380.531	691.902
	Meðalávöxtun á hverju ári	16,74%	12,37%	11,03%
Uppsöfnuð fjárfest fjárhæð	Á hverju ári	100.000	300.000	500.000

Sviðsmyndir eru reiknaðar samkvæmt leiðbeiningum frá Evrópska verðbréfa og markaðseftirlitinu (e. ESMA) og byggir á staðalfráviki í daglegum sveiflum á ávöxtun fjárfestingarleiðar síðustu 5 ára.

Þessi tafla sýnir hvaða fjárhæð þú gætir fengið til baka miðað við mismunandi sviðsmyndir, að því gefnu að þú fjárfestir 100.000 krónum á ári. Sviðsmyndirnar sýna hver árangur fjárfestingar þinnar gæti orðið. Þú getur borið þær saman við sviðsmyndir annarra fjárfestingar-afurða. Sviðsmyndirnar sem settar eru fram eru mat á framtíðarárangri sem byggðar eru á gögnum úr fortíðinni um hve mikið verðmæti þessarar fjárfestingar gæti breyst

en er ekki nákvæmur mælikvarði á árangur hennar. Það sem þú færð veltur á markaðsaðstæðum og hve lengi þú heldur fjárfestingunni. Taflan sýnir hvað þú gætir fengið til baka við alvarlegar markaðsaðstæður og hún tekur ekki tillit til þess ef Ævileið II getur ekki greitt þér út. Tölurnar sem sýndar eru fela í sér allan kostnað við afurðina sjálfa. Tölurnar taka ekki tillit til persónulegrar skattastöðu þinnar sem hefur áhrif á hversu mikið þú færð til baka.

Hvað gerist ef Ævileið II getur ekki greitt út?

Þú getur orðið fyrir fjárhagstjóni ef LV getur ekki greitt út séreignarsparnaðinn í heild eða hluta vegna óviðráðanlegra aðstæðna á fjármálamörkuðum. En það er stefna fjárfestingarleiðarinnar að stærsti hluti hennar sé í auðseljanlegum eignum. Tryggingasjóður innstæðueiganda og fjárfesta sem rekinn er skv. lögum nr. 98/1999 ábyrgist ekki greiðslur úr fjárfestingarleiðinni.

Hver er kostnaðurinn?

Gjöldin sem þú greiðir eru notuð til þess að greiða kostnað við rekstur Ævileiðar II. Þessi gjöld skerða mögulega ávöxtun fjárfestingar þinnar.

Kostnaður yfir tíma

Fjárfesting upp á 100.000 kr. á ári	Ef þú selur eftir 1 ár	Ef þú selur eftir 4 ár	Ef þú selur eftir 7 ár
Heildarkostnaður	294 kr	912 kr	1.574 kr
Áhrif á ávöxtun á ári (RIY)	0,28%	0,28%	0,28%

Ofangreind tafla sýnir áhrif kostnaðar á fjárfestingu þína yfir mismunandi tíma miðað við ofangreindar forsendur.



Eftirfarandi er útlístan á þeim kostnaði sem fellur til við rekstur Ævileiðar II

Stakur kostnaður	Inngöngukostnaður	0%	Áhrif kostnaðar sem þú greiðir við upphaf fjárfestingar
	Útgöngukostnaður	0%	Áhrif kostnaðar við að innleysa fjárfestingu þína
Viðvarandi kostnaður	Viðskiptakostnaður eignasafns	0,08%	Áhrif kostnaðar við að kaupa og selja undirliggjandi fjárfestingar fyrir afurðina
	Annar viðvarandi kostnaður	0,20%	Áhrif kostnaðar sem við innheimtum árlega fyrir að stýra fjárfestingum þínum
Aukakostnaður	Árangurstengdar þóknanir	0%	Áhrif árangurstengdra þóknana. Við tókum þessa þóknun af fjárfestingu þinni ef afurðin stendur sig betur en viðmiðun hennar

Lífeyrissjóður verzlunarmanna tekur ekki þóknun fyrir rekstur séreignaleiða sinna. Einungis er dreginn frá kostnaður sem er tilkominn vegna rekstrar séreignaleiðanna. Viðskiptakostnaður eignasafnsins er samsettur af þóknunum vegna kaupa og sölu verðbréfa, auk þess kostnaðar sem LV greiðir stýringaraðilum við fjárfestingar í sjóðum. Enginn kostnaður er tekinn fyrir að flytja inneign milli fjárfestingarleiða og til annarra vörsluaðila.

Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

Ráðlagður fjárfestingartími miðast út frá því að jafna út þær sveiflur í ávöxtun sem geta orðið á fjármálamörkuðum og hentar þeim sem stefna á að ávaxta séreignarsparnað sinn að lágmarki yfir 5 ára eignarhaldstíma.

Útgreiðslureglur

Séreign er laus til útborgunar þegar sjóðfélagi hefur náð 60 ára aldri. Til boða stendur að nýta séreignarsparnað til lækkunar á höfuðstól lána eða við kaup á fyrstu fasteign í samræmi við gildandi lög hverju sinni. Tilgreind séreign er laus til útborgunar þegar sjóðfélagi hefur náð 67 ára aldri en hægt er að hefja töku fyrr eða frá 62 ára aldri en þá skulu greiðslur dreifast að lágmarki á þann tíma sem hann á eftir fram að 67 ára aldri. Hægt er að fá inneignina alla greidda út frá 62 ára aldri ef upphæð er undir eingreiðsluviðmiðum skv. skilyrðum í samþykktum LV. Hægt er að nýta tilgreinda séreign við kaup á fyrstu fasteign með ákveðnum skilyrðum. Séreign og tilgreind séreign getur verið greidd út við örorku eða andlát.

Við örorku er sjóðfélaga heimilt að fá eign sína greidda út að uppfylltum ákveðnum skilyrðum laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samþykka sjóðsins. Séreign greiðist til erfingja við andlát skv. lögum og samþykktum. Heimilt er að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara utan EES og EFTA, að Bandaríkjunum og Kanada undanskyldum, þegar þeir flytjast úr landi skv. 4. mgr. 19. gr. í lögum nr. 129/1997.

Uppsögn

Heimilt er að segja upp samningi í séreign eða gera breytingu á ráðstöfun iðgjalds í tilgreindri séreign með tveggja mánaða fyrirvara með tilkynningu til sjóðsins. Uppsögn veitir ekki rétt til útborgunar innstæðu. Óski rétthafi þess er heimilt að gera samning um flutning innstæðu eftir uppsögn til aðila, sem heimild hefur skv. lögum nr. 129/1997 til að taka við séreignarsparnaði og gera samning þar um. Lífeyrissjóður verzlunarmanna hefur ekki heimild til að segja upp samningi gagnvart sjóðfélögum.



Um samþættingu áhættu tengdri sjálfbærni við fjárfestingarákvarðanir

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins, nr. [\(ESB\) 2019/2088](#) um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu („SFDR reglugerðin“ eða „SFDR“) varðar starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna skv. lögum nr. 25/2023 um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

SFDR reglugerðinni er ætlað að auka gagnsæi, tryggja samræmdar upplýsingar um hvernig aðilar á fjármálamarkaði meta áhættu tengda sjálfbærni og hvernig taka eigi tillit til helstu neikvæðra áhrifa sjálfbærniþátta við fjárfestingarákvarðanir.

Samkvæmt 6. gr. SFDR reglugerðarinnar skulu aðilar á fjármálamarkaði upplýsa fjárfesta hvernig áhætta er felld inn í fjárfestingarákvarðanir áður en samningur um séreignarsparnað er gerður.

Á vef LV eru upplýsingar varðandi:

- i. samþættingu sjálfbærniáhættu í ákvarðanatökuferli fjárfestinga (gr. 3 í SFDR)
- ii. neikvæð áhrif fjárfestingaákvæðana á sjálfbærniþætti (e. Principal Adverse Impact on sustainability factors, PAI) (gr. 4 í SFDR)
- iii. samþættingu sjálfbærniáhættu í starfskjarastefnu (gr. 5 í SFDR)

Lífeyrissjóðurinn vinnur að mótun og innleiðingu stefnu um ábyrgar fjárfestingar og aðra þætti sem varða mat á sjálfbærniáhættu og samþættingu mats á sjálfbærniþáttum við fjárfestingarákvarðanir. Nánari upplýsingar verða veittar um það þegar fram líður.

Hvernig ber ég fram kvörtun?

Hægt er að hafa samband við ráðgjafa Lífeyrissjóðs verzlunarmanna í síma 580 4000 eða senda tölvupóst á live@live.is

Aðrar upplýsingar sem skipta máli?

Umsókn um útgreiðslu þarf að berast fyrir 20. dag þess mánaðar sem útgreiðsla á að hefjast. Greitt er úr séreignardeild síðasta virka dag hvers mánaðar og miðast inneign við nýjasta gengi sjóðsins.

Engin lágmarksfjárfesting er í Ævileið II.